

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Hjúkrunarfræði HJÚ103 Kennsluáætlun haustönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Hannesína Scheving (hannesina@vma.is)	Sk.st.	HAN
----------------	---	---------------	------------

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á grunnatriðum umönnunar skjólstæðinga. Að nemandinn kynnist forsendum hjúkrunarstarfa og um hvað þau störf snúast.

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Fjallað er um grunnatriði umönnunar, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um breytingar á líkamsstarfsemi og umönnun sem tengist því. Fjallað er um mikilvægi upplýsingaflæðis í hjúkrunarstörfum. Kynnt eru lög um réttindi sjúklinga.

Markmið:

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að

- þekkja sögu hjúkrunar og hugmyndafræði
- þekkja helstu skipulagsform hjúkrunar
- þekkja umönnunarhugtakið og geta útskýrt hvað felst í því
- þekkja og geta útskýrt hvað felst í hugtökunum heilbrigði og sjúkdómsástand
- þekkja helstu kenningar Henderson um hjúkrun
- þekkja þarfapýramíða Maslows og tengsl hans við hjúkrunarkenningar
- geta gert grein fyrir mikilvægi móttöku sjúklings við innlögn
- geta útskýrt samverkun andlegra, líkamlegra og félagslegra þarfa skjólstæðinga sinna
- geta gert grein fyrir hlutverkum sjúkraliða í hjúkrun skjólstæðinga
- þekkja samhengi milli ástands skjólstæðings og hjúkrunarþarfa
- hafa þekkingu á og færni til að skipuleggja og framkvæma morgunaðhlyningu
- þekkja lausnarmiðaða aðferð (PBM) og skilja hvernig hún nýtist sem grundvöllur hjúkrunarmeðferðar
- geta gert grein fyrir mikilvægi athugana og skráningar í framvindu hjúkrunar
- geta útskýrt mikilvægi svefns og hvíldar
- geta gert grein fyrir áhrifum verkja á skjólstæðinga og þekkja helstu ráð til úrlausnar
- þekkja hvaða þættir tilheyra nánasta umhverfi skjólstæðingsins og geta útskýrt mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi hans með virðingu
- geta lýst helstu breytingum á lífsmörkum, athugunum og hjúkrun sem tengist því
- geta skilgreint breytingar á næringarinntekt og hjúkrun sem tengist því
- þekkja breytingar á vökvajafnvægi og hjúkrun sem tengist því
- þekkja leiðir til að fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegru
- þekkja helstu ákvæði laga um réttindi sjúklinga
- skilja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðinga.

Námsgögn:

Efni frá kennara (úr hefti teknu saman af Margréti Pétursd.), vefsíður og tímaritsgreinar sem sett verður á netið (Moodle).

Ítarefni: HJÚ 103, eftir Ásu Einarsdóttur,
Hjúkrunarkver, Ingibjörg Magnúsdóttir þýddi
Grunnleggende sykepleie 1, eftir Agnes Brønstad

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Hjúkrunarfræði HJÚ103 Kennsluáætlun haustönn 2012	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34.- 36.	Lota 1: Kynning, lausnamiðuð aðferð, skilgreiningar hugtaka, íslenska heilbrigðiskerfið, hjúkrunarheit, siðareglur sjúkraliða og samvinna	Verkefni f. hverja viku
37.- 39.	Lota 2: Sjúkrastofnanirog saga hjúkrunar, innlagnir, skráning hjúkrunar, Þarfakenning Maslows, Kenning Virginiu, Samskipti, umhyggjukenningin og trúnaður og þagnarskildan.	Verkefni f. hverja viku
340.- 41	Lota 3: Eðlileg virkni og vellíðan, sjálfsbjargargeta og ADHD,, persónuleg hirðing, Svefn og hvíld, Virkni og of einhæft umhverfi.	Verkefni f. hverja viku
42.- 44.	Lota 4: Áhrif hreyfingar og hreyfingarleysis, Fylgikvillar rúmlegu, lífsmörk, líkamshiti., sóttthiti og meðferð, öndunarfæri og öndun.	Heima próf
45.- 48.	Lota 5: Næring, vökva og saltjafnvægi, losun úrgangsefna frá þvaggfærum, losun úrgangsefna frá meltingarvegi, ógleði og uppköst og verkir og verkjameðferð.	Verkefni - vökvaskrá

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Annarpróf í desember	40. %
Annarpróf	Í nóvember	30%
Vinna í tímum og skilaverkefnin	2-3 Verkefnin á önninni, virkni og þátttaka.	10%
Verkefni	skilaverkefni	20%
Athuga:	Nemandi þarf að ná 4,5 úr lokaprófi í desember til að ljúka áfanga	

Athuga: ef aðstæður breytast gæti ég þurft að endurskoða áætlunina og réttur til þess er áskilinn.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils